

Bing & Gröndahl:

Postulínssýning á Kjarvalsstöðum

Í DAG opnar sendiherra Dana á Íslandi J. Paludan sýningu á dönsku postulíni að Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Verður sýningin opin til mánudagsins 30. ágúst. Er þessi sýning merkasti þátturinn í umfangsmiklum sýningum, sem hin rötgróna danska postulínsverksmiðja heldur um allt Ísland. Þá verða sér sýningar hjá umbodsmönnum víðs vegar um landið.

Er á þessari sýningu gerð tilraun til þess að gefa eins fullkomna mynd og gerlegt er af breidd Bing & Gröndahl-postulínsverksmiðjunnar. Nær sýningin yfir sögulega postulínsmuni, m.a. verk eftir Thorvaldsen og muni frá núverandi framleiðslu. Má þar nefna veggflísar og smáskálar

eftir íslensku listakonuna Rínu (Sigrúnu Guðjónsdóttur). Komst verksmiðjan í samband við hana, þegar hún vann samkeppni um skreytingar á hátíðarplöttum í til efni af 1100 ára afmæli upphafs byggðar á Íslandi.

Þá er á sýningunni safn sjaldgæfra platta, þar á meðal



Þarna er H.C. Andersen að segja lítilli vænu sögu. En hvaða sögu, það er erfitt að segja. Sagan hlýtur að vera skemmtileg, því sú litla hlustar hugfangin á.

Íslenskra jóla- og minisplatta. Er þar fyrsti jólaplatti, sem gerður var árið 1895, og er plattinn metinn á um 30.000 kr. Þessi platti er upphaf að safnarahefð, sem teygir sig út

um allan heim í dag. Eru líka jólaplattar, sem Bing & Gröndahl framleiddu sérstaklega fyrir Ísland á árunum 1928–1930.

Aðrir plattar, sem sérstaklega eru tengdir Íslandi verða til sýnis, t.a.m. minnisplattar um heimsókn Friðriks 8. Danakonungs til Íslands árið 1907, 1000 ára Alþingishátíð 1930, og 1100 ára Þjóðhátíð 1974.

Á sýningunni er kona frá verksmiðjunni sem skreytir muni samkvæmt gamalli hefð. Jafnframt er sýnt hvernig postulínsstykki er á hinum ýmsu þrepum framleiðslunnar.

Í tengslum við sýninguna geta sýningargestir spreytt sig við það að skreyta diska. Verður í verðlaun stytta frá


verksmiðjunni. Frá Bing & Gröndahl-verksmiðjunni koma 2 listráðunautar fólki til halds og trausts á sýningunni og eru samtals 6 Danir hér á landi í tengslum við sýninguna.

12 félagasamtök sýna borðskreytingu á sýningunni og geta menn fengið hugmyndir að borðskreytingu fyrir heimilið.

Nýjung er hjá Bing & Gröndahl á sýningunni. Eins og jólaplatti varð grundvöllur að safnarahefð allt frá árinu 1895, þá er nú á þessu ári byrjað á annarri safnarahefð, „ársstyttni“. Er það stúlka með bolta, sem er fyrsta styttni í þessum flokki og mun styttni kosta um 985 kr. Þegar hún kemur í verðlaunir í byrjun september.



Danskur postulínsmálari er á sýningunni og mun skreyta diska samkvæmt aldagamalli hefð.



Þessir vasar eru nú ekki samkvæmt hefðinni hjá Bing & Gröndahl, en verða eflaust innan fárra ára að ákveðinni hefð hjá verksmiðjunum.

HONDA®

Eigum nokkra bíla á gömlu verði

HONDA
ACCORD

4ra hurða

Verð frá kr.
158.000,-



HONDA
ACCORD

3ja hurða EX

Verð kr. 163.000



QUINTET

Verð frá kr.
147.000,-



CIVIC

Sedan

Verð kr. 131.000



CIVIC

Wagon

Verð kr. 129.000,-



Acty

Sendibílar

Verð kr. 74.000,-



Þetta verð aðeins til 3. september.

HONDA á Íslandi, Suðurlandsbraut 20, sími 38772